

Skólanefndarfundur 10.12. 2015

Mættir: Kári Bjarnason, Trausti Hjaltason, Thelma Gunnarsdóttir, Frosti Gíslason, Arndís María Kjartansdóttir.

Skólameistari bauð fundarmenn velkomna og stjórnaði fundi.

Dagskrá

1. Rekstraráætlun 2016. Skólameistari fór yfir rekstraráætlun ársins 2016.
2. Mat á skólastarfinu
 - a. Nemendur í brottfallshættu-niðurstöður
Skólameistari kynnti niðurstöður á athugun á nemendum sem eru í hættu með að hverfa frá námi skv. skimum sem ráðuneytið stendur fyrir á nýnemum skólans. Hvaða aðgerðum skólinn getur beitt til að hindra brottfall.
 - b. Skólapúlsinn-skólameistari kynnti niðurstöður á líðan nemenda í skólapúlsinum, könnum sem framkvæmd var á meðal nemenda skólans. Þetta er í fyrsta sinn sem skólinn tekur þátt í þessari könnun og ákveðið að æskilegt að slík könnun færi fram á tveggja ára fresti.
 - c. Heildstætt ytra mat á skólanum/ Mat á heimasíðu skólans.
Skólameistari fór yfir að framkvæmt yrði heildarmat á skólanum af utanaðkomandi aðilum og að mat væri gert á heimasíðu skólans.
3. Vorönn 2016. Farið yfir hvað væri framundan í skólastarfinu á vorönn 2016. Lagt fram skóladagatal.
4. Nýjar námskrár, skólameistari kynnti stöðu nýrra námsbrauta.
5. Önnur mál. Formaður skólanefndar kynnti að í samvinnu við Vestmannaeyjabæ fengu nemendur skólans frían aðgang að bæjarbókasafninu.

Helga Kristín Kolbeins
Skólameistari